





HALLGRÍMSKIRKJA í Saurbæ (1954–57). Kirkjan er gott dæmi um þær áherslur sem einkenndu byggingarlist Sigurðar Guðmundssonar og Eiríks Einarssonar eftir stríð. Í henni tekst þeim einkar vel að tvinna saman í eina heild hefðbundið form og nútímalegar áherslur í efnisvali.


báru eigi að síður sterk höfundareinkenni. Að ýmsu leyti má líta á þau sem framhald af ýmsum þeim nýjungum sem Sigurður hafði innleitt með verkum sínum fyrir 1930, einkum á sviði járnbentrar steinsteypu. Þrátt fyrir nýjan svip á ytra borði var innra skipulag húsanna mótað af þeim meginreglum sem hann hafði stuðst við í fyrstu húsum sínum. Hið sama má segja um perluákast á útveggjum, gluggagrindur úr járni og steypt flöt þök. Sem dæmi má nefna húsin á Freyjugötu 41 og 46, Laufásvegi 77, Sóleyjargötu 11 og 29 og Smáragötu 16. Hús Sigurðar frá þessu tímabili vitna um eitt frjóasta og framsæknasta skeið í íslenskri sjónlistasögu á þessari öld. Illu heilli hafa þau sum hver glatað helstu stíleinkennum sínum með síðari breytingum og eru vart svipur hjá sjón. Fátt minnir lengur á upprunalegt listgildi þeirra annað en teikningar og gamlar ljósmyndir.

Á fyrri hluta fjórða áratugarins teiknaði Sigurður nokkrar stærri byggingar í anda funksjónalismans. Má þar helst nefna stúdentagarð (Gamla garð) við Hringbraut, kaþólsku spítalana á Landakoti (vesturálmu) og í Stykkishólmi, Hafnarhúsið við Tryggvagötu og Ljósafossvirkjun. Á þessu tímabili var teiknistofa hans helsta miðstöð nútímaarkitektúrs hér á landi og þangað réðust til starfa ungir arkitektar, innlendir og erlendir, sem tóku þátt í hönnun ýmissa verkefna og nutu jafnframt góðs af faglegri reynslu Sigurðar og innsæi. Sigurður átti mikinn þátt í að móta fagleg viðhorf þeirrar kynslóðar íslenskra arkitekta sem átti eftir að hafa hvað mest áhrif á framvindu íslenskrar húsagerðar um og eftir seinni heimsstyrjöld. Um þetta leyti stóð hann í tíðum bréfaskiptum við arkitekta í ýmsum löndum og ferðaðist auk þess til Evrópu til að kynna sér nýjungar í byggingarmálum. Hann gat sér jafnframt gott orð meðal starfsfélaga erlendis sem hönnuður steinsteyptra húsa og greinar um verk hans birtust í fagtímaritum.


Um 1935 tók Sigurður Guðmundsson að endurvekja ýmsar lausnir sem sett höfðu svip á hús hans í upphafi. Flötu þökin hurfu og í þeirra stað kom ýmist valmi eða brött mænisþök. Jafnframt var mótun rúmtaksins varfærnari en áður og minna um stalla og útbyggingar. Hér var ekki um stílfræðilegt afturhvarf að ræða heldur viðleitni til að ná fram bestu heildarlausn með tilliti til notagildis og einfaldleika. Í seinni verkum sínum má segja að Sigurður hafi leitað hins sameiginlega kjarna í þeim tveim stefnum sem mótað höfðu viðhorf hans til byggingarlistar, norrænni klassík og funksjónalisma.

Samstarf við Eirík Einarsson

Árið 1938 gerðist Eiríkur Einarsson arkitekt (1907–1969) félagi Sigurðar Guðmundssonar um rekstur teiknistofunnar. Hann hafði þá skömmu áður lokið prófi í arkitektúr frá tækniháskólanum í Dresden í Þýskalandi með góðum vitnisburði. Samstarf þeirra varð einkar farsælt enda voru þeir nánir vinir og samherjar. Báðir voru þeir höfundar allra helstu verkefna frá stofunni á tuttugu ára tímabili, frá 1938 til 1958, og er undirskrift þeirra beggja á flestum teikningum. Saman unnu þeir uppdrætti að ýmsum opinberum bygging-



FREYJUGATA 46 (1931). Eitt fárra íbúðarhúsa Sigurðar Guðmundssonar í anda funkisstefnunnar sem varðveist hefur án verulegra útlitsbreytinga. Það var í upphafi múrað með granítmulningi en hefur nýlega verið endurhúðað með ljósum marmarasalla.



FREYJUGATA 41 (1933). Teiknað og byggt sem íbúðarhús og vinnustofa Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara. Sigurður fékk Ásmund til þess að vinna myndir í nokkrar byggingar sínar. Má þar nefna lágmyndir yfir inngöngum Austurbæjarskólans og á framhlið Ljósafossvirkjunar.

um, t.d. Þjóðminjasafninu, Sjómannaskólanum, hluta Sogsvirkjana (Írafossvirkjun og Steingrímsstöð), bálstofu og kapellu í Fossvogi og Hallgrímskirkju í Saurbæ, auk fjölda smærri verkefna. Af athyglisverðum verkefnum þeirra sem ekki voru byggð má nefna ýmsar tillögur að mannvirkjum Hitaveitunnar á Öskjuhlíð, m.a. útsýnisturni og hringlaga veitingahúsi.

Sem faglegur leiðtogi og brautryðjandi í byggingarmálum til margra ára naut Sigurður Guðmundsson óskoraðrar virðingar stéttarbræðra sinna þegar hann féll frá síðla árs 1958, á 74. aldursári. Hann var brautryðjandi í skrifum um byggingarlist og naut þar m.a. reynslu sinnar sem blaðamaður. Áhugi hans á íslensku máli varð til þess að hann fórnaði öllum tómstundum sínum seinni árin til að semja tækniorðabók, sem kom út að honum látnum. Auk félagsstarfa á vegum arkitekta sat hann í stjórn Bandalags íslenskra listamanna og var formaður þeirra samtaka um skeið. Sem arkitekt átti Sigurður frumkvæði að því að fá myndlistarmenn til þess að skapa myndverk í byggingar sínar. Má þar nefna samstarf hans við Ásmund Sveinsson myndhöggvara m.a. við Austurbæjarskóla og Sogsvirkjanir. Auk þess teiknaði Sigurður hús og vinnustofur fyrir ýmsa listamenn, svo sem Ásgrím Jónsson og Jón Stefánsson, Ásmund Sveinsson, Harald Björnsson, Júlíönu Sveinsdóttur og Kristínu Jónsdóttur.

1) Hörður Ágústsson. Inngangur í skrá sýningar um Gunnlaug Halldórsson arkitekt, bls. 6. Arkitektafélag Íslands, Reykjavík 1989.
2) Júlíana Gottskálksdóttir. Í deiglunni 1930–1944, bls. 159. Listasafn Íslands, Reykjavík 1994.
Byggt á texta rits um Sigurð Guðmundsson arkitekt sem kemur út í tilefni sýningarinnar á Kjarvalsstöðum. Í ritinu er að finna skrá yfir heimildir og helstu verk.

Höfundur er arkitekt og deildarstjóri Byggingalistardeildar á Kjarvalsstöðum.

JÓHANN ÁRELÍUZ

AUKA-NÆTUR Í UPPLANDI

Sál mín vængjuð skýjadúni
og sólskinsljóma himinbláma

Vandfundin flís í auga
und spanskgrænni eikarkrónu:
þrjátíu gráður í skugganum

Vatnið svart blik í spegli augans
silfurhnepptum dreglum slegið

Á minnið leikur straumi stríðum
strengur glertærrar bergvatns-
ár:
íslenska uppsprettulindin!

Bellmanskir tónar bljúgrar lútu
um sólgisin sumarsegl:
berjablár eikarskugginn
ilmsmyrsl augnaloka

Stundum þyngri en sorgin
Stundum þyngri en blý

Eiturgult slý á botni vatnsins.

ÍSLANDS-MINNI 1994

Hrímkaldir draumar
Mjóslegin strá
Kal í túnum og holtum
Hæðir og sund
Halur og sprund
Sérðu ekki hvítan blett
í hnakka mínum Gróa?

Höfundurinn er frá Akureyri en hefur um árabil búið í Svíþjóð. Ljóðið er úr fjórðu ljóðabók hans, sem væntanleg er út hjá forlaginu Ormstungu og heitir Par avion.

Gísli Ingvarsson

Fokker friend-ship

Flugvöllur Öltubæjar
tómlát snyrtimennska
viðmótsþýðan að storkna

enn ein tilkynning um seinkun

samtal á samísku
og rússneska
blandast norskunni
þægilega framandi
loka fyrir veitingar
peningarnir nógir
langar heim
alla hérna langar
svo eitthvað annað.

Höfundurinn er búsettur í Noregi. Ljóðið er tileinkað Timó Karlssyni fyrrverandi sendikennara Finna við Háskóla Íslands nú á förum frá N-Noregi til starfa í München.